



## Útskrift úr dómabók Reykjavíkur 14. Október 1939. Héðinn Valdimarsson gegn Hannesi Jónssyni

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Dómabók Reykjavíkur – Héðinn Valdimarsson – Hannes Jónsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



lausa sáttumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu út-  
 gefinni 26. júní s.l. af stjórnendum Byggingarfélags Alþýðu, þeim  
 lausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu út-  
 gefinni 26. júní s.l. af stjórnendum Byggingarfélags Alþýðu,  
 þeim Hjeðni Valdimarssyni, forstjóra, Guðmundi Pjeturssyni, sím-  
 ritara og Þorláki Ottessen, sílun hjer í þu, gegn Hannesi Jóns-  
 syni, Ásvallagötu 69, hjer í þunum, út af ummalun, er birtust í  
 131. töl. Morgunblaðsins, er út kom 3. júní s.l. í grein, sem  
 nefndist "Verkamenn ÚTSKRIFT undirritaðri af stefndum. Um-  
 mali þau, er stefnendur telja meiðandi og aðgæmi fyrir sig,  
 eru þessi:

- 1) "--- gegn siltstær yfirgangi og veisvælu." 2) "Við höfum  
 úr  
 "siltun á þri hverju gert tilraunir til að verja okkur fyrir  
 "veibeldi og yfirgangi, en frunguralegt. Við höfum verið rjetti-  
 "flausir í okkar eigin iðbúna, og orði að græða það, sem Rieð-  
 "sinn og stjórn hans hefa skipað okkur". 3) "Efðin þara orðið  
 "þröðvæ vagna fyrirbyggjuleysis og rakstrarkostnaðar stur-  
 "lagar vagna óstjórnar." 4) "En til þess er Hjeðni vel trú-  
 "gæði, hann litur altaf ----o---- á sinn eigin pólitíska hæg og  
 "kæmbaráttflokkingu."

D Ó M A B Ó K

REYKJAVÍKUR

Ár 1939, laugardaginn 14. okt., var íð bæjarþingi Reykja-  
 víkur (lögmanni) í málinu nr. 230/1939

Hjeðinn Valdimarsson o.fl.

gegn

Hannesi Jónssyni

kveðinn upp svohljóðandi

dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f.m., er, eftir árangurs-  
 lausa sáttumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu út-  
 gefinni 26. júní s.l. af stjórnendum Byggingarfélags Alþýðu, þeim  
 Hjeðni Valdimarssyni, forstjóra, Guðmundi Pjeturssyni, sím-  
 ritara og Þorláki Ottessen, sílun hjer í þu, gegn Hannesi Jóns-  
 syni, Ásvallagötu 69, hjer í þunum, út af ummalun, er birtust í  
 131. töl. Morgunblaðsins, er út kom 3. júní s.l. í grein, sem  
 nefndist "Verkamenn ÚTSKRIFT undirritaðri af stefndum. Um-  
 mali þau, er stefnendur telja meiðandi og aðgæmi fyrir sig,  
 eru þessi:



lausa sáttumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu út-  
gefinni 26. júní s.l. af stjórnendum Byggingarfjelags Alþýðu, þeim  
lausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu út-  
gefinni 26. júní s.l. af stjórnendum Byggingarfjelags Alþýðu,  
þeim Hjeóni Valdimarssyni, forstjóra, Guðmundi Pjeturssyni, sím-  
ritara og Þorláki Ottesen, öllum hjer í bæ, gegn Hannesi Jóns-  
syni, Ásvallagötu 65, hjer í bænum, út af ummælum, er birtust í  
131. tbl. Morgunblaðsins, er út kom 9. júní s.l. í grein, sem  
nefndist "Verksamannabústaðirnir", undirritaðri af stefndum. Um-  
mæli þau, er stefnendur telja meiðandi og móðgandi fyrir sig,  
eru þessi:

1) "--- gegn allskonar yfirgangi og varrækslu." 2) "Við höfum  
"síðan á ári hverju gert tilraunir til að verja okkur fyrir  
"ofbeldi og yfirgangi, en árangurslaust. Við höfum verið rjett-  
"lausir í okkar eigin íbúðum, og oróíð að greiða það, sem Hjeó-  
"inn og stjórn hans hafa skipað okkur". 3) "Húsin hafa oróíð  
"þrældýr vegna fyrirhyggjuleysis og rekstrarkostnaðar gífur-  
"legur vegna óstjórnar." 4) "En til þess er Hjeóni vel trú-  
"andi, hann lítur altaf eingöngu á sinn eigin pólitíska hag og  
"kommúnistaflokksins."

Krefjast stefnendur þess, að hin átöldu ummæli verði  
dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur í hina þyngstu  
refsingu, er lög leyfa, fyrir þau, og loks, að hann verði  
dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá  
dómi og sjer tildæmd hæfileg ómakslaun; til vara krefst hann  
sýknu af öllum kröfum stefnenda.

Aðalkröfu sína um frávísun byggir stefndur á því, að  
stefnendur sjeu ekki lengur löglegir stjórnendur Byggingar-  
fjelags Alþýðu, þar sem eldra umboð stefnenda sje niður fallið,  
en lögmet kosning hafi ekki farið fram aftur. Gegnmótmslum  
stefnenda, verður þó ekki annað talið upplýst en að kosning  
þeirra út af fyrir sig hafi verið fjelagsreglum sarkvæm, og  
verður frávísunarkrafa stefnds þegar af þeirri ástaðu ekki  
tekin til greina.



Um 1. Sýknukröfu sína út af þessum ummælum byggir stefndur á því, að ummælin, sem slitin sjeu út úr samhengi, sjeu fyllilega rjettlætt, því að þegar í júlí 1932 hafi 19 íbúar verkamannabústaðanna sent stjórn fjelagsins brjef, þar sem kvartað hafi verið yfir ýmsu fyrirkomulagi við byggingu bústaðanna, ráðningu starfsmanna þar, reikningshaldi o.fl.- Því hefir ekki verið mótmælt af hálfu stefnenda, að þetta brjef hafi verið sent, enda hefir stefndur tekið það orörjett upp í sóknarskjali sínu. Það verður því að telja upplýst, að mótmæli og umkvartanir um ýms atriði viðvíkjandi starfrakslu Verkamannabústaðanna hafi komið fram og umsögn stefnds um ástæðurnar til ritunar brjefsins þykir ekki svo vaxin, að refsa beri fyrir ummælin. Hinsvegar þykir rjett að ómerkja orðið "yfirgangi".

Um 2. Sýknukröfu sína að þessu leyti byggir stefndur á því, að hann hafi um margra ára skeið, bæði á fundum fjelagsins og í blöðum, borið fram mótmæli gegn ýmskonar framkomu stjórnarinnar og krafist skýringa þar að lútandi.- Ummæli þessi, sem verða að teljast móðgandi fyrir stefnendur þegar þau eru borin fram í mjög víðlesnu blaði, eru ekki hjer fyrir rjettinum nægilega rjettlætt og ber því að taka kröfur stefnenda út af þeim til greina.

Um 3. Ummæli þessi telur stefndur rjettlætast af því, að hann heldur því fram, að hvert fasteignarmatsáhundrað húsanna hafi a.m.k. kostað um 140 kr., og hafi þetta orðið vegna þess, að hagsýni og sparnaðar hafi ekki verið gætt, verkstjórn óheppileg, efnismeðferð ábótavant og útboð ekki reynd. Reksturskostnaður sje og gífurlegur, t.d. kveðst stefndur greiða árlega í vexti og afborganir af sinni íbúð kr. 451.17, en kostnaður og hitun nemi árlega um eða yfir 500 kr.- en gegn mótmælum stefnanda, verður ekki talið að stefndur hafi fært sönnur á þær staðhafingar sínar, að þetta hafi orðið svo vegna "óstjórnar" stefnenda, og ber að ómerkja þetta orð, en ekki þykir alveg næg ástæða til að refsa fyrir það.

Um 4. Ummæli þessi, sem verður að teljast beint gegn Hjeðni



Valdimarssyni einum, hefir stefndur ekki getað rjettlætt svo, að sýknukrafa hans út af þeim verði tekin til greina.

Sky. framansögðu þykir því bera að ómerkja öll hin umstefndu ummæli og refsa stefndum fyrir þau. Þykir refsingin, skv. 217., sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga, hafi-lega ákveðin 75 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu, 7 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur og stefnendum kr. 60.00 í málskostnað.

Því dæmist rjett vaxa:

Framangreind meidandi ummæli skulu vera dauð og ómerk.-stefndur, Hannes Jónsson, greiði 75 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu, 7 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur og stefnendum, Hjeóni Valdimarssyni, Guðmundi Pjeturssyni og Þorláki Ottesen, kr. 60.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagóri aðför að lögum.

Björn Þórðarson

Rjetta útskrift staðfestir.

Skrifstofu lögmannsins í Reykjavík 23. október 1939.

Gjald:

Ritlaun	2.20
Stimpilgj.	<u>0,65</u>
Kr.	2.85

-tvær krónur áttatíu og  
fimm aurar-

Greitt.



A handwritten signature in blue ink, identical to the one above, is written at the bottom of the page.